

Ljósmyndasamkeppni meðal starfsmanna Landspítala 2013 haldin af listmuna- og minjanefnd.

Samkeppnin var auglýst á degi íslenskrar náttúru 16. september sl enda var þema keppninnar „Íslensk náttúra“ á árinu 2013. Skilafrestur var til 31. október en var síðar framlengdur um eina viku.

Alls bárust 345 ljósmyndir frá 50 keppendum.

Dómnefnd skipuðu:

- Ásdís Ingbórsdóttir, arkitekt, formaður
- Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari
- Margrét Tómasdóttir, verkefnastjóri gæðamála

Umsjónarmaður keppninnar var:
Birna Gunnarsdóttir, verkefnastjóri


Listmuna- og minjanefnd auk dómnefndar er einróma um gæði þeirra ljósmynda sem sendar voru inn í keppnina og greinilegt að víða innan raða starfsmanna Landspítala leynast mjög góðir ljósmyndarar. Starfsmenn, sjúklingar og gestir spítalans munu um ókomin ár fá að njóta þeirra hæfileika sem hér leynast og ber að þakka þeim sem tóku þátt.

Alls eru 10 ljósmyndir verðlaunaðar sérstaklega en einungis raðað í 1. 2. og 3. sæti. Hér eru því fyrst verðlaunaðar þær myndir sem eru í 4. – 10. sæti:

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Í fjörunni“

Ljósmyndari: Rósa Þorsteinsdóttir - hjúkrunarfræðingur



Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndaranum hefur tekist að velja fallegt sjónarhorn til að gera hversdagslegan hlut í náttúrunni að fallegu myndefni sem jafnframt er hjúpað dulúð og ferskleika. Góð samfella er í myndinni sem verður samtóna og tilgerðarlaus.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Veiðiferð“

Ljósmyndari: Gísli Baldursson - sérfræðilæknir



Umsögn dómnefndar:

Að ná fallegri og lýsandi ljósmynd af lunda krefst þeirrar snerpu og áræðni sem ljósmyndarinn býr greinilega yfir. Áræðni og nákvæmni ljósmyndarans skila sér í mynd sem er kristaltær og tekin á nákvæmlega réttu augnabliki.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Kuðungur á fjörugrjóti“

Ljósmyndari: Helga Harðardóttir - Hjúkrunarfræðingur



Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndin ber vott um næmt auga fyrir því myndræna í hversdagslegum aðstæðum, aðstæðum sem flestir hefðu ekki komið auga á. Skerpan er hárfín og nákvæm og uppbygging myndefnisins með eindæmum góð.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Blámi“

Ljósmyndari: Kristján Guðlaugsson - deildarstjóri



Umsögn dómnefndar:

Íslensk náttúra býr ekki einungis yfir fallegum sumardögum heldur líka yfri drunga og dramatík. Viðfangsefni ljósmyndarans er krefjandi en hann skilar mynd sem tekin er af mikilli natni og hann vinnur vel úr erfiðum aðstæðum. Ljósmyndarinn lætur ekki ytri aðstæður trufla sig við að ná þessu fallega, en drungalega augnabliki.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Morgunkyrrö“

Ljósmyndari: Ólöf G. Ragnarsdóttir - hjúkrunarfræðingur



Umsögn dómnefndar:

Næstum draumkennd veröld sem endurspeglar íslenska náttúru að sumri til. Mikil ró hvílir yfir myndefninu og ber uppbygging myndarinnar vitnisburð um næmt auga ljósmyndarans.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Byrði“

Ljósmyndari: Kristín Sigurgeirsdóttir - lífeindafræðingur



Umsögn dómnefndar:

Táknræn vetrarmynd um greinina sem ber byrðar og bognar en brotnar ekki. Þó myndefnið sé tengt vetri er hún jákvæð og falleg. Uppbygging ljósmyndarinnar er einstaklega látlaus og tilgerðarlaus.

Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Stokksnes“

Ljósmyndari: Kristín Sigurgeirsdóttir - lífeindafræðingur



Umsögn dómnefndar:

Yfirveguð mynd sem lýsir þeirri kyrrð sem fegurð landsins býr yfir. Uppbygging myndarinnar er hárrétt og ljósmyndarinn hefur valið gott sjónarhorn fyrir myndatökuna. Samspil lita og dýptar gefa myndinni aukið vægi.

3. Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Haustbirta“

Ljósmyndari: Kristín Sigurgeirsdóttir - lífeindafræðingur



Umsögn dómnefndar:

Hlý og glaðleg ljósmynd sem gefur frá sér jákvæða strauma. Myndin getur verið tekin í hvaða kjarri sem er en það er ljósmyndarinn sem gerir hana einstaka með því að fanga augnablik fallegrar haustbirtu og samspil ljóss og skugga.

2. Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Haustdögg“

Ljósmyndari: Svanur Sigurbjörnsson - sérfræðilæknir



Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndarinn nær í myndinni að skilja á milli þess sem skiptir og skiptir ekki máli. Hann fangar viðfangsefni ljósmyndarinnar; sambandið milli daggardropanna og flauelskennds yfirborðs laufblaðanna af mikilli nákvæmni og fagmennsku. Fallegur haustlitur skilar sér vel í mjúku og fersku myndefninu.

Aukaverðlaun fyrir glettni í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„LSH Fossvogi í fullri reisn“

Ljósmyndari: Rudolf Rafn Adolfsson - hjúkrunarfræðingur



Umsögn dómnefndar:

Góðlátleg og glettin ádeila á ástand húsnæðis spítalans. Dómnefnd veitir myndinni sérstök verðlaun fyrir afburða góða kímigáfu.

1. Verðlaun í ljósmyndasamkeppni starfsmanna Landspítala 2013.

„Svífi vængjum þöndum“

Ljósmyndari: Rudolf Rafn Adolfsson - hjúkrunarfræðingur



Umsögn dómnefndar:

Einar og sér standa myndirnar sem góðar ljósmyndir en saman hefja þær sig til flugs og ná sérstöðu sem gerir myndasýrpuna eftirtektarverða og einstaka. Hughrifin eru margvísleg og gefa áhorfandanum sýn inn í það augnablik sem ljósmyndarinn sá og náði að fanga á örskammri stund en af mikilli snerpu og nákvæmni.